

Miðvikudaginn 14.okt kl. 10:00 hittist fjallskilanevnd Víðdælinga.

Formaður setti fund og stjórnaði. Júlíus skrifaði fundargerð.

1. Rætt um beiðni til sveitarstjórnar um fjárveitingar í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

Viðhald heiðargirðinga : Óskum eftir kr. 1.100.000,- eða svipað og verið hefur.

Til viðhalds skála á heiðinni og hefja framkvæmdir við uppsetningu vatnssalerna: Óskum eftir kr. 1.800.000,- á næsta ári.

Viðhald rétta: Óskað eftir sömu fjárhæð og sl. ár eða kr. 500.000,- .

Viðhald styrkvega: Vegurinn varð seint fær en öllu almennu viðhaldi sinnt. Eins var veginum ýtt upp á köflum framan heiðargirðingar að austan, norðan Skálshæðar, með tilheyrandi ræsagerð. Áætlað að halda áfram þeirri vinnu. Nauðsynlegt að moka upp úr og ræsa frá vegskurði við Hvarfsvísl, kostnaður við þá framkvæmd er áætlaður um kr. 1.000.000,- því er mikilvægt að hlutur okkar í styrkvegafé verði aukinn þannig að ekki verði um skerðingu að ræða í önnur verkefni.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

Júlíus Guðni Antonsson

Sigtryggur Sigurvaldason

Marianna Eva Ragnarsdóttir